

Stjórnarfundur 2.febrúar 2021

Mættir eru: Garðar, Jófríður, Anna María, Hinrik, Helga Ingibjörg, Hermann og Einar.

Fundur settur: Garðar setur fundinn sem er haldinn á Kaffi 59 kl. 18:00

Aðalfundur: Aðalfundur klúbbsins verður haldinn 21.febrúar 2021 kl 17:00 á Kaffi 59. Garðar ætlar að láta af formannsstöðu og því þarf að finna eftirmann hans, enginn hefur gefið kost á sér, en það vantar í stöður nefnda svo sem mótanefnd, unglinga – nýliðunarnefnd og fjáröflunarnefnd. Hugmynd kom fram um að skoða breytingu á vallarstjóra, sú er að starfsmaður vallarins sé líka vallarstjóri.

Þeir sem gefa kost á sér áfram í stjórn er Jófríður ritari klúbbsins, Anna María gjaldkeri klúbbsins, Helga Ingibjörg formaður skálanefndar og ætlar líka að taka að sér formennsku í kvennanefnd þar sem Kristín Pétursdóttir lætur af formennsku.

Skáli: Æskilegt er að fara í að klæða og skipta um glugga í austur og suðurhliðum skálans, leitað hefur verið til Eiðs og vélsmiðjunnar að fá tilboð í glugga og efniskaup á klæðningu. Leitað verður til félagsmanna klúbbsins með að framkvæma viðgerðirnar.

Fundir framundan: Formansfundur er hjá GSÍ 20. Mars. Æskilegt væri að formaður klúbbsins kæmist.

HSH þing verður haldin 15. apríl þar þurfum við að senda fulltrúa.

Fundi slitið 18:50